

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks um ráðningarbann

Borgarstjórn samþykkir að bann verði lagt við frekari ráðningum innan miðlægrar stjórnsýslu Reykjavíkurborgar út kjörtímabilið til 2026. Þess í stað verði einblínt á að manna framlínustörf og nauðsynleg störf við framfylgd lögbundinnar þjónustu. Dregið verði úr þeirri þróun að starfsmönnum borgarinnar fjölgi hlutfallslega meira en íbúum, líkt og raunin hefur verið á undanliðnum árum. Það hagræði sem næst fram með aðgerðinni verði fært til hækkunar á handbæru fé.